

## Fundargerð 135. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 25. apríl, kl. 09:00.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, Hjörleifur Finnsson, Nanna Dröfn Björnsdóttir, Sólrún Anna Jónsdóttir og Helena Karlsdóttir.

Halldór Halldórsson fjarverandi og boðaði ekki forföll.

### Dagskrá

- 1) Fundargerðir 133 og 134
  - a. Farið var yfir fundargerðir en þær verða undirritaðar á næsta fundi.
  - b. Rætt um form fundargerða.
    - i. Stjórnin vill að fundargerðir verði ítarlegri og nöfn og verkefni komi fram þegar það á við.
- 2) Staða verkefna FF1 til FF10
  - a. Sólrún fór yfir stöðuna á sjóðnum en vildi bíða með að fara yfir ársreikning með stjórninni þar sem hún hafði ekki haft tækifæri til að fara yfir hann með ráðneytinu.
    - i. Yfirlitsskjal sem sýnir stöðu styrkja verður sett í stjórnargáttina.
  - b. Nanna fór yfir eftirfylgni mála og stjórnsýslulega meðferð þeirra. Bréf hafa verið sent út til allra og fresturinn til skila inn lokaskýrslum er mismunandi. Málin ættu að skýrast betur eftir miðjan maí og verður greint frá því frekar á næsta fundi stjórnar.
- 3) Staða samninga og úthlutunar í FF12 - 2017.
  - a. Hjörleifur og Guðrún greindu frá því að í lok þessarar viku verður búið að útbúa og senda samninga á alla þá sem fengu styrk í ár.
- 4) Vinir Þórsmerkur 13-272 – göngubrú yfir Markarfljót
  - a. Með vísan í fundargerð stjórnar FF dags. 8. apríl 2014 óskuðu starfsmenn Ferðamálastofu (Fms) eftir upplýsingum um hvort réttur skilningur væri sá að verkefni 13-272 Vinir Þórsmerkur – göngubrú yfir Markarfljót hefði verið breytt á þann veg að í stað þess að framkvæmdin væri byggð á hönnunarsamkeppni yrði hún byggð á lokaðri samkeppni. Stjórnin sagði þetta réttan skilning.
    - i. Starfsmenn Fms greindu frá því að fyrirhugaður væri fundur með fulltrúum Vina Þórsmerkur á næstu dögum vegna verkefnisins.
- 5) Kötluasetur ses. 13-014, 13-016 og 13-228
  - a. Guðrún spurði formann stjórnar hvort formlegt svar um samþykki ráðuneytisins á breytingu á mótframlagi þriggja styrkja úr

Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna Kötluasetur ses. 13-014, 13-016 og 13-228 árið 2013 hefði borist.

- i. Formaður skýrði frá því að tölvupóstur barst frá ráðuneytinu þann 25. febrúar 2016 þar sem greint er frá því að tillögur stjórnar séu samþykktar og að bréf muni berast sjóðnum á næstu dögum. Þessi póstur var sendur formanni með afriti til stjórnar og Arnar Þórs Halldórssonar hjá Ferðamálastofu.
    - Óskað verður eftir staðfestingu frá ráðuneytinu hvort bréfinu hafi verið svarað þar sem tillögur stjórnar eru samþykktar.
- 6) Önnur mál
- a. Rætt um umsagnir um frumvarp til breytinga á lögum um FF.
    - i. Stjórn sjóðsins sendi ekki inn formlega umsögn þar sem allir stjórnarmenn utan formaður komu að umsögnum á vegum sinna samtaka. Formaður stjórnar sendi inn umsögn til ráðuneytis 22. mars. Ferðamálastofa hafði á 134. stjórnarfundum þann 21. mars s.l. farið var yfir umsögnina sem hún sendi.

Næsti fundur  
30. maí 2017

Fundi slitið kl. 10:00

Fundargerð ritaði : Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, sérfræðingur Ferðamálastofu.

Undirskriftir stjórnarmanna

*Albina Þorvaldsson*  
*Anna G. Sveinsdóttir*  
*Souca SK*